

### Atvikalýsing

Hinn 23. nóvember 2000 fóru tveir starfsmenn Landhelgisgæslunnar ásamt tveimur mönnum af dönsku eftirlitsskipi til æfingaköfunar í gjá á Þingvöllum.

Kafað var í gjánni Silfru. Þegar komið var á staðin og köfun undirbúin kom í ljós að hluti búnaður annars íslenska kafarans virkaði ekki sem skyldi, þ.e. lofthylkið. Var þá ákveðið að hann fengi lánað lofthylki hins íslenska kafarans og að þeir köfuðu þrír svo að æfingin nýttist eftir aðstæðum. Því köfuðu þrír kafarar, tveir danskir og einn íslenskur og fóru þeir allir á sama tíma í vatnið. Danirnir voru með félagalínu á milli sín en Íslendingurinn var einn.

Fram kemur í skýrslu dönsku kafaranna að skyggni hafi verið frábært eða um 50 metrar. Eftir köfun í um 8 mínútur voru kafararnir á 16 metra dýpi þegar Íslendingurinn gaf merki til Dananna um að hann vildi fara upp á yfirborðið. Boðin voru móttækin og hófu þeir að grynka á sér.

Eftir að hafa grynkað á sér um tvo metra dýpkaði Íslendingurinn á sér aftur án þess að nein boð væru gefin og stoppuðu þá hinir tveir. Stuttu seinna synti Íslendingurinn upp á við aftur og fram hjá Dönunum án nokkurra skýringa í áttina til yfirborðsins. Á leiðinni tapaði hann sundfíti af öðrum fætinum. Danirnir héldu áfram för sinni upp á yfirborðið með eðlilegum hætti.

Þegar Íslendingurinn kom upp á yfirborðið var hann svo máttfarinn að hann komst ekki af sjálfsdáðum á land en naut til þess aðstoðar fjórða mannsins sem ekki kafaði og Dananna. Var honum komið á land og gerðar skyndiskoðanir á manningum. Í ljósi niðurstaða skoðana var haft samband við aðalstöðvar Landhelgisgæslunnar og athugað með flutning á manningum til Reykjavíkur. Kafarinn fékk súrefnisgjöf á staðnum og aðra bráðameðferð sem hægt var að veita á staðnum. Þar sem þyrla Landhelgisgæslunnar var í æfingaflugi var hún send eftir manningum og hann fluttur á sjúkrahúsið í Fossvogi.

### Við rannsókn kom fram

- að um var að ræða æfingu í köfun til þess að halda mönnum í þjálfun. Nauðsynlegt sé að kafarir séu stundaðar reglulega til að halda við líkamsþjálfun sem er veigamikill þáttur við köfun;
- að við köfun eru kafarar oftast tveir saman eða í þörum. Í þessu tilviki voru þeir tveir og einn vegna bilunar í köfunarbúnaði sem upp kom eftir að komið var á staðinn;
- að um var að ræða bilun í loftventli á köfunarbúningi sem þrýstislanga frá lofthylki er tengt við og notast til flotjöfnunar og einangrunar. Við köfun nokkru síðar kom aftur fram bilun í umræddum ventli og var honum þá skipt út. Lofthylkið sem hann fékk að láni var ekki með búnað til að tengjast við lítið lofthylki tengt björgunarvestinu svo fylgjast mætti með þrýstingnum á því. Þegar á reyndi var ekki nægjanlegt loft í litla hylkinu fyrir björgunarvestið;
- að vegna óvissu er skapaðist vegna skipta á lofthylkjum hefði kafarinn átt að skipta um björgunarvesti líka.
- að kafarinn fékk lánað lofthylki köfunarfélaga síns sem síðan kafaði ekki. Lofthylki þetta var 2 kg. þyngra en það sem hann notaði að öllu jöfnu. Kafarinn gerði ekki ráðstafanir með tilliti til þyngdarmunar lofthylkjanna fyrir köfunina;
- að kafarinn hafði verið við nám og ekki stundað æfingar í köfun um tíma eða í þrjá mánuði;
- að loftslanga var ívið lengri á þeim búnaði er kafarinn fékk lánaðan en hann var vanur og munnstykkið nýtt og framandi. Fram kemur að kafarinn hafi misst munnstykkið út úr sér og átti í vandræðum með að finna það aftur;
- að kafarinn losaði sig ekki við þann þunga sem hann hafði bætt á sig til að auðvelda

köfunina (blýbeltið) þegar vandræðin hófust;

#### **Nefndarálit**

Nefndin telur að atvik þetta sýni hve góður undirbúningur er þýðingarmikill fyrir köfun auk þjálfunar og ekki síst æfing í neyðarviðbrögðum.

Í atvinnuköfun þurfa menn að geta kafað einir við ýms verkefni þótt það sé ekki æskilegt. Við það verklag er mjög mikilvægt að menn séu í stöðugri þjálfun í viðbrögðum á neyðarstundu.